

**Mál nr. 203/2020****M og  
V v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um hvort réttur til endurupptöku slysamáls hafi verið fallinn niður  
á grundvelli ákvæða í váttryggingarskilmálum.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.6.2020, ásamt fylgigögnum.  
Bréf V, dags. 29.6.2020.

**Málsatvik.**

Hinn 5. september 2016 var M, stjórnandi vöruflutningabifreiðar, að störfum við að lesta bifreiðina. Vildi þá til það slys að efri afturhurðarhleri bifreiðarinnar skall á höfuð hans. Með matsgerð, dags. 10. janúar 2018, var M metinn til 10% varanlegrar örorku af völdum slyssins vegna sárs á höfði og tognunaráverka á háls og mjólbak. Hinn 27. febrúar 2018 mun hann hafa fengið greiddar bætur úr slysatryggingu launþega sem vinnuveitandi hans hafði keypt hjá V. Tók hann við bótunum „með fyrirvara um niðurstöðu matsgerðar og allur réttur áskilinn í því sambandi.“

Á árinu 2019 mun heilsu M hafa hrakað frá sem var þegar afleiðingar slyssins voru metnar í ársbyrjun 2018. Í fyrirliggjandi læknisvottorði kemur m.a. fram að „MRI“ rannsókn af háls hrygg frá október 2019 hafi sýnt verulega auknar slitbreytingar í háls hrygg miðað við rannsókn í september 2017. Þannig hafi M versnað mikið myndrænt á aðeins tveimur árum. Var álit viðkomandi læknis að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu M og líklegt sé að ástand hans megi rekja til vinnuslyssins 5. september 2016.

Með bréfi, dags. 30. mars 2020, hefur af hálfu M verið krafist endurupptöku slysamálsins hjá V vegna versnunarinnar. V hefur hafnað endurupptöku með vísan til ákvæða í skilmálum slysatryggingarinnar þar sem meira en þrjú ár hafi verið liðin frá slysinu þegar endurupptökunnar var beiðst.

**Álit.**

Í skilmálum slysatryggingar launþega hjá V sem gilda um slysaatburðinn sem M varð fyrir í september 2016 er svofellt ákvæði varðandi bætur fyrir varanlega örorku: „Valdi slys þeim, sem váttryggður er, varanlegu líkamstjóni, innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem var í gildi á slysdegi.“ Enn fremur er tekið fram í skilmálunum að við ákvörðun örorkubóta skuli að auki fylgja þeirri reglu að þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunnri að breytast, skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið.

Þegar M krafðist endurupptöku málsins 30. mars 2020 var meira en þrjú og hálf ár liðið frá slysinu. Ákvæði váttryggingarskilmálanna er skýrt og fortakslaust um það að örorkumat skuli framkvæma í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Með því að sá frestur var liðinn sem matið skyldi í síðasta lagi framkvæmt hefur M glatað rétti sínum til frekari bóta úr váttryggingunni. Fyrirvari sem M gerði við bótauppgjörið 27. febrúar 2019 breytir þessu ekki, enda ekkert komið fram í málinu sem gefur til kynna að V hafi samþykkt að víkja frá framangreindum ákvæðum í váttryggingarskilmálunum. Samkvæmt þessu, sbr. og dóma Hæstaréttar Íslands frá 27. maí 2004 í máli nr. 22/2004 og 7. júní 2018 í máli nr. 604/2017, á M ekki rétt til frekari bóta úr váttryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 25. ágúst 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.